

**204. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,
16. nóvember 2022 og hófst hann kl. 08:00.**

Fundinn sátu:

Jónína Margrét Sigmundsdóttir formaður, Einar Brandsson varaformaður, Liv Aase Skarstad aðalmaður, Ingunn Sveinsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Guðný Birna Ólafsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólakennara, Dagný Hauksdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Anney Ágústsdóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Dagný Hauksdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 2110146 - Málefni leikskólastigsins

Erindi frá starfshópi, skipuðum fulltrúum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Félagi leikskólakennara, um betri vinnutíma á leikskólum.

Áheyrnarfulltrúar leikskólanna sitja fundinn undir þessum lið. Fulltrúi foreldra leikskólabarna boðaði forföll.

Erindi lagt fram til kynningar.

2. 2210186 - Erindi frá ÍA - sundlaug framtíðarsýn

Framkvæmdarstjóri og formaður ÍA óska eftir samtali við ráðið um framtíðarsýn varðandi sundlaugar.

Guðmunda Ólafsdóttir framkvæmdarstjóri ÍA og Hrönn Ríkharðsdóttir formaður ÍA fylgja málinu eftir. Daníel Sigurðsson Glad forstöðumaður íþróttamannvirkja situr einnig fundinn undir þessum lið.

Fulltrúar Íþróttabandalags Akraness fyrir hönd Sundfélags Akraness óska eftir að fjallað verði um og kynnt framtíðarsýn varðandi uppbyggingu á Jaðarsbökkum og þá sér í lagi uppbyggingu á sundlaugum. Skóla- og frístundaráð þakkar Hrönn, Guðmunudu og Daníel fyrir komuna og gott samtal. Ráðið mun taka umræðu um framtíðarsýn varðandi uppbyggingu sundlaugarmannvirkjana meðal bæjarfulltrúa.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:00.

Jónína Margrét Sigmundsdóttir
Einar Brandsson
Liv Aase Skarstad
Anney Ágústsdóttir
Dagný Hauksdóttir